

Fræði sjónmenningar - MMF06, kennari Anna Jóhannsdóttir.

Verkefni 4, myndgreining

28.september 2015

Listaverkin sem ég valdi mér í verkefni 2 voru annars vegar þrjár grafík myndir eftir Ragnheiði Jónsdóttur og hins vegar leirlistaverk eftir Steinunni Marteinsdóttur. Öll þessi verk eiga það sameiginlegt að þau prýða vinnustað minn. Í verkefni 3 tók ég fyrir verk Steinunnar og greindi það út frá formfræðilegum forsendum en í verkefni 4 er ætlunin að greina verk Ragnheiðar út frá boðskap þeirra og þjóðfélagslegum forsendum. Það mun ég því gera í þessu verkefni og fjalla einnig lítilsháttar um höfundinn, heiti verka og hvenær þau voru unnin. Í lokin mun ég fjalla aðeins um boðskapinn sem ég les úr verki Steinunnar.

Ragnheiður Jónsdóttir er fædd árið 1933¹. Hún sótti námskeið í Myndlistaskóla Reykjavíkur á árunum 1959-61 og 1964-68. Árið 1962 sótti hún einnig teiknitíma í Glyptótekinu í Kaupmannahöfn. Hún nam síðan grafíklist við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1968-70. Árið 1970 dvaldi hún í París 1970 þar sem hún nam grafík m.a. við Atelier 17 hjá S.W. Hayter.²



Mynd 1

Grafík verkin hennar Ragnheiðar eru í mínum huga samofin kvennabaráttunni, má þar nefna verk eins og kjólinn sem hangir á snúru og í kjólinn er mótað far eftir framsettan kvið ófrískrar konu. Sjá mynd 1. Þetta verk sem er án titils en frá árinu 1976 hefur alltaf verið tengt baráttu rauðsokka sem náði hámarki á kvennfrídaginn 24.október 1975. Í dag er erfitt til þess að hugsa að þessi mynd skuli hafa verið talin róttæk og að hún hafi hneykslað marga. Á vefsíðunni art.is er vitnað í orð Ragnheiðar þar sem hún gerir lítið úr því að hennar list hafi verið róttæk í boðun kvenfrelsis:

„Sjálf gerir Ragnheiður ekki mikið úr hlutverki sínu sem formælenda aukins jafnréttis og segist „bara hafa setið í sínum fílabEinsturni og unnið í grafíkinni“. Þessi fílabEinsturn var heimili hennar en þaðan átti hún sjaldan heimangengt, því listamaðurinn var heimavinnandi húsmóðir með fullt hús af börnum. Í umræddum turni urðu þó þekktustu og umdeildustu myndir Ragnheiðar til, eins og til dæmis kjólamyndirnar, sem vöktu hörð viðbrögð á sínum tíma.“³

Annað verk eftir Ragnheiði Jónsdóttur heitir einfaldlega 24.október 1975 og þarf ekki að segja meira um inntak þess verk. Sjá mynd 2. Þann dag tóku íslenskar konur sér frí frá störfum og hópuðust niður á Lækjarorg og túlkar Ragnheiður það á mjög áhrifaríkan hátt. Í forgrunni myndarinnar eru stólar og á þeim form sem minna á pilsfalda eða slæður og lítil kvenveski hanga á stólbökunum. Í bakgrunni verksins er Stjórnarráðið sjálft. Ekki er hægt að misskilja þetta myndmál, stórlarnir eru tákni valdsins eða valdastólar eins og þeir eru nefndir á íslensku og pilsfaldarnir þar eru draumsýnin eða krafan um að fá fleiri konur á valdastóla. Stjórnarráðið í bakgrunni er tákni fyrir valdastofnanir þjóðfélagsins sem konur vilja fá meiri hlutdeild í.


Sjálf var ég á menntaskólaladri þegar kvennafrídagurinn var og ég tók mér frí frá störfum eins og aðrar íslenskar konur þennan dag. Ég var nemandi í Menntaskólanum á Ísafirði og vestfirskar konur lögðu

¹ <http://www.listasafnarnesinga.is/list/listamenn-mainmenu/195-ragnheidur-jonsdottir.html>

² <http://www.listasafnarnesinga.is/list/listamenn-mainmenu/195-ragnheidur-jonsdottir.html>

³ <http://www.art.is/ragnhjons/ragnhj.htm>

undir sig Alþýðuhús Ísfirðinga þennan dag og höfðu sinn baráttufund þar. Ég finn ennþá eldmóðinn í brjósti mér þegar ég hugsa um þann fund og sá sami eldmóður svellur í brjósti mér í hvert sinn sem ég geng framhjá mynd Ragnheiðar þar sem hún hangir á vinnustað mínum.



Mynd 2



Mynd 3

Að lokum verður hér aðeins fjallað um verk Steinunnar Marteinsdóttur, frá árinu 1986. Sjá mynd 3. Ég leyfi mér að halda því fram að það nefnist „Gripið í tómt“, sjá rökstuðning fyrir því í Verkefni 3. Verk Steinunnar er unnið í leir og af allt öðrum toga en grafík verk Ragnheiðar frá árinu 1976 sem ber nafnið 24.október 1975 (sjá mynd 2). En þessi myndverk eiga þó sameiginlegt formið sem minnir á pilsfalda eða slæður og í báðum tilfellum táknar það í mínum huga hið kvenlega. Í verki Steinunnar teygja sig tveir lífvana handleggir uppúr neðri pilsfaldinum en þær grípa í tómt. Gæti Steinunn þarna verið að túlka að kvennabaráttan hefði litlu skilað og ekki staðið undir væntingum um meiri völd til handa konum? Hver veit. Ekki vil ég fastsetja merkingu verksins þarna, því þá er eins og dulúðin úr því hverfi. En djúp tilfinning fyrir einmanaleika kemur þó alltaf upp í huga minn þegar ég horfi á þessar hendur sem teygja sig upp úr pilsfaldinum og á móti þeim tekur ekki neitt.

Reykjavík 28.september 2015

Sigurlaug Kristmannsdóttir

Heimildaskrá:

Listasafn Árnesinga; <http://www listasafnarnesinga.is/list/listamenn-mainmenu/195-ragnheidur-jonsdottir.html> síða skoðuð 27.september 2015.

www.art.is <http://www.art.is/ragnhjons/ragnhj.htm> síða skoðuð 27.september 2015

Myndaskrá:

Mynd 1. Verk án titils frá árinu 1976 eftir Ragnheiði Jónsdóttur tekið af síðunni <http://icelandreview.com/stuff/reviews/2013/01/14/art-books-and-women-ragnheidur-jonsdottir> þann 27.september 2015

Mynd 2 24.október 1975 eftir Ragnheiði Jónsdóttur tekið af síðunni <http://icelandreview.com/stuff/reviews/2013/01/14/art-books-and-women-ragnheidur-jonsdottir> þann 27.september 2015

Mynd 3: Verk eftir Steinunni Marteinsdóttur frá árinu 1986, mynd tekin af Sigurlaugu Kristmannsdóttur